

- B. Atvinnuhúsnaði pokaeining kr. 7.500 fyrir hvern poka.
 C. Öll fyrirtæki lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargjald	Sorphreinsunargjald
1. flokkur	kr. 5.000	kr. 20.000
2. flokkur	kr. 10.000	kr. 40.000
3. flokkur	kr. 20.000	kr. 80.000
4. flokkur	kr. 40.000	kr. 160.000
5. flokkur	kr. 80.000	kr. 320.000
6. flokkur	kr. 120.000	kr. 480.000

Hreppsnefnd raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs.

Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Ölfushreppur samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi frá 1. janúar 1996.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 107 1995:

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

- A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 110,00

Aðrir liðir gjaldskrárinnar breytast ekki.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. janúar 1996.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.